

Ed.

223. Nefndarálit

[133. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Breyting á stofngengi krónunnar er jafnan rökstudd með því, að nauðsyn sé að færa fjármagn til útflutningsatvinnuveganna, svo að rekstur þeirra geti verið með eðlilegum hætti. Í sambandi við fyrri gengisfellingar hefur verið svo með óumdeilanlegum hætti vegna ytri aðstæðna erlendis frá, svo sem verðfalls á afurðum og breytingar á gengi enska pundsins, sem var um langan tíma mest notaði gjaldmiðill í utanríkisviðskiptum Íslendinga.

En aðstæður við þessa gengisfellingu eru gjörólíkar. Hér er um að kenna að langmestu leyti heimatilbúnum vanda, sem er bein afleiðing af verðbólguþefnu hæstvirtrar ríkisstjórnar og stjórnleysi peningamála. Fram hefur komið áður á Alþingi í ræðu forsætisráðherra, að hann telji kauphækkunina, sem fram hefur komið, hóflega, en hins vegar hefur félagsmálaráðherra sagt, að kauphækkunin hafi verið geysihá. Hið rétta mun vera, að samverkandi áhrif frá kauphækkun og vinnutímastyttingu hafa reynzt þung í skauti fyrir sjávarútveginn í heild og einnig iðnaðinn. Einnig er afkoman erfið fyrir rikissjóð.

Til þess að mæta þessum erfiðleikum og tryggja með því, að vertíð geti hafizt með eðlilegu móti um áramótin, hefur hæstv. ríkisstjórn séð sig tilneydda að fella stofngengið um 10.7% og fer auk þess fram á, að aukið frávik verði nú sett í lög um 2¼%, upp eða niður. Þetta á að gefa Seðlabanka Íslands mun meira svigrúm til gengisskráningar og mun því í raun auka vald hans, og einnig verður gengið mjög „fljótandi“ eftir þetta. Slíkt mun aðeins auka á verðbólguna og síður en svo draga úr þeirri spákaupmennsku, sem er ætíð erfið fyrir efnahag okkar. Reynslan sýnir, að einmitt ber nauðsyn til þess að treysta trú manna á íslensku krónunni og auka með því sparnað, eftir því sem kostur er. Allir aðilar viðurkenna vandamálið við verðbólguna, en enn fæst ekki samstaða innan stjórnmalaflokka né verkalýðssamtaka um raunhæfar leiðir til þess að hefta verðbólguna, og þessar ráðstafanir munu því miður verka sem hvati til aukningar, en ekki hemill á skaðvaldinn, þ. e. verðbólguna.

Hæstvirt ríkisstjórn lýsti því yfir í hinum fræga málefнасamningi sínum, að gengisfellingar yrðu ekki hennar vinnubrögð til þess að leysa aðsteðjandi vanda í efnahagsmálum. Þessu trúðu margir af stuðningsmönnum hennar. Þó er svo komið nú, að á 16 mánaða valdaferli hennar hefur gengið í raun verið fellt tvisvar með því að fylgja alltaf eftir föstu hlutfalli við stofngengi dollars.

Augljóst er, að þessi gengisfelling mun ekki leysa vandamál útflutningsatvinnuveganna nema í bráð, þar sem áhrif breytingarinnar eru ekki heft sem skyldi og algjör óvissa er um hliðarráðstafanir, er þurfa að fylgja gengisbreytingunni, ef árangur á að vera raunhæfur. Hér þarf að koma til fullt samstarf við launþegasamtökin, en svo er ekki á þessu stigi. Ekkert liggur fyrir um þann þátt og hver viðbrögð launþegasamtaka verða, og eykur það á óvissu um árangur gengisbreytingarinnar og varanleik.

Ekki verður deilt um nauðsyn þess að treysta rekstur við öflun og vinnslu sjávarútvegsins og einnig rekstur iðngreina, er flytja afurðir sínar á erlendan markað. En margt bendir þó til þess, að skera hefði mátt niður af ríkisútgjöldum verulegar fjárhæðir án þess að stofna til atvinnuleysis og færa þannig til fjármagn, sem ekki verkaði sem verðbólgujafi, heldur létti á með framleiðslunni. Sem dæmi mætti nefna, að ríkisstarfsmenn í 17. flokki og herra eru um 4000 manns og heildarlaun þeirra munu vera um 2 472 000 000 kr. á ársgrundvelli. Einnig væri vel sæmandi nú, að við erfiðar aðstæður yrðu útgjöld Alþingis verulega skorin niður á ýmsa lund. Sjálfsagt eru flestir andvígir beinum niðurskurði, sbr. álit frá „valkostanefnd“ í því efni, en vandinn er þó að miklu leyti vegna verðþenslu í launum og þjónustu. Vegna samstöðuleysis er niðurskurðarleiðinni hafnað.

Því miður er aldrei munað eftir því fólki, sem fer vel með sitt og sparar fé og leggur inn á banka. En einmitt ætti þetta fólk viðurkenningu skilið fyrir ráðdeild og liðsinni við atvinnulífið, því að vegna sparsemi þess geta lánastofnanir deilt út peningum til atvinnulífsins. En áhrif skuldara eru mikil, og þeir munu nú sem fyrr kingja misjafnlega vel gengisfellingunni. Skuldir eru ekki sem skyldi bundnar við verðlagsþróunina, og verkar það sem hvati til eyðslu, eins og reynslan sýnir undanfarin ár.

Það væri gæfuspor fyrir alla þjóðina, ef samstaða myndaðist um viðurkenningu á ráðdeild og sparnaði og Alþingi sýndi það í verki að meta slíkt.

Alþingi, 19. des. 1972.

Jón Árm. Héðinsson.